

Fundargerð 406

Mánudaginn 26. ágúst 2013 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Grand hótél við Sigtún, Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdímar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Auk þeirra sat fundinn Sveinbjörn Sveinbjörnsson, endurskoðandi við dagskrárliði 1 og 2.

Formaður setti fund kl. 9:02 og bauð stjórnarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Árshlutareikningur, janúar-júní 2013. Endurskoðandi Byggðastofnunar kemur á fundinn
3. Samstarfskvóti
4. Úthafsækjukurvóti í eigu Byggðastofnunar
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Ímynd og kynningarmál – kynning frá Hvíta húsinu auglýsingastofu
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 405 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Árshlutareikningur janúar – júní 2013

AÞ kynnti Sveinbjörn Sveinbjörnsson endurskoðanda stofnunarinnar.

Sveinbjörn fór í gegnum árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2013. Hagnaður tímabilsins er 184 m.kr. Eignir 15,8 milljarðar, skuldir 13,5 milljarðar og eigið fé 2,3 milljarðar. Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins er 14,92%

Formaður bar upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2013 og var hann samþykktur samhljóða og dreift til undirritunar.

Óskað var eftir greiningu á áhrifum gengisbreytinga á rekstur og gengisáhættu þar sem sýnd verði dæmi um áhrif. AÞ upplýsti að endurskoðaðri rekstraráætlun yrði dreift á næsta fundi stjórnar.

Á næsta fundi verður dreift sundurliðun á kostnaði Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brotahættar byggðir“. Óskir komu fram um að halda kostnaðinum aðskildum í bókhaldi stofnunarinnar en hann er núna sérmerktur.

Sveinbjörn vék af fundi

3. Samstarfskvóti

Formaður og AÐ fóru yfir minnisblað um stuðning Byggðastofnunar við sjávarbyggðir í alvarlegum og bráðum vanda en Alþingi samþykkti í júní að Byggðastofnun fengi 1.800 tonna kvóta til úthlutunar.

Farið var yfir nokkrar möguleika á útdeilingu auk ábendinga og athugasemda sem komið hafa fram við auglýsingu frá Byggðastofnun.

Ákveðið að halda stjórnarfund 10. september á Akureyri til að ákveða reglur um úthlutun. Óskað var eftir nánari greiningu á þeim sjávarbyggðum sem koma til greina og verður hún tekin fyrir á næsta fundi.

4. Úthafsærkjukvóti í eigu Byggðastofnunar

AÐ fór yfir minnisblað um veiðiheimildir Byggðastofnunar í úthafsærkju, en stofnunin er eigandi aflahlutdeildar sem nemur 12,2% af heildaraflamarki í úthafsærkju.

5. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerðir nr. 12/13, 30. maí 2013, nr. 13/13, 13. júní 2013 og nr.14/13, 15. júlí 2013

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðirnar.

Fundargerð 15/13, 14. ágúst 2013

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina

...

...

...

...

Óskað var eftir úttekt á stærstu viðskiptavinum stofnunarinnar í ferðapjónustunni og lán með veði í hótélbyggingum

Fundi frestað kl. 12:20, AÐ vék af fundi.

Fundi fram haldið kl. 13:15

6. Ímynd og kynningarmál – kynning frá Hvíta húsinu auglýsingastofu

Á fundinn komu Gísli Brynjólfsson, Kári Sævarsson og Guðmundur Bernhard frá Hvíta húsinu auglýsingastofu og fóru yfir vinnu sem unnin hefur verið með kynningar og ímyndarmál stofnunarinnar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 10. september á Akureyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____